



Fjarðabyggð

**DEILISKIPULAG HLÍÐARGÖTU 58 OG NÁGRENNIS
FLÓÐVARNIR Á FÁSKRÚÐSFIRÐI
DEILISKIPULAG OG UMHVERFISSKÝRSLA**



GREINARGERÐ MEÐ DEILISKIPULAGI
dags. 01. júní 2012



LANDMÓTUN.

Aðalheiður E. Kristjánsdóttir og Óskar Örn Gunnarsson,
Hamraborg 12, 200 Kópavogi - www.landmotun.is
sími 575 5300 - fax 554 5360 - netf: landmotun@landmotun.is

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í eigna,- skipulags- og umhverfisnefnd þann 03.09 2012 og í bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 21.09 2012

Tillagan var auglýst frá 15.07 2012 með athugasemdafresti til 16.08 2012.

 

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

Við gildistöku þessa deiliskipulags fellur úr gildi deiliskipulag fyrir skólareitinn sem var samþykkt 25.6.2001 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 19.07.2001.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
1.1. Markmið	4
1.2. Málsmeðferð og kynning.....	4
1.3. Saðhættir.....	4
1.4. Varnargarður og landmótun.....	5
1.5. Aðkoma	5
1.6. Útivist	6
1.7. Stígar.....	6
1.8. Efnisnám	6
1.9. Frágangur	6
1.10. Vinnubúðir.....	7
1.11. Skilmálar fyrir Hlíðargötu 58	7
2. Umhverfisskýrsla	8
2.1. Þættir áætlunar sem valdið geta áhrifum	8
2.2. Umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir verulegum áhrifum	8
2.3. Skilgreining á vægi áhrifa.....	9
2.4. Valkostir.....	9
2.5. Tengsl við aðrar áætlanir.....	9
2.7. Umhverfismat.....	11
2.8. Mótvægisaðgerðir og vöktun	11
3. Afgreiðsla eftir auglýsingu.....	12
Heimildarskrá	13

1. Inngangur

1.1. Markmið

Markmið deiliskipulagsins er að auka öryggi íbúa bæjarins með tilliti til ofanflóða með byggingu varnarvirkja en jafnframt að milda neikvæð áhrif framkvæmdanna á landslag og náttúru með mótvægisáðgerðum. Að skapa aðlaðandi útivistarsvæði með auknum útivistarmöguleikum, að skilgreina gönguleiðir. Þegar staðfest deiliskipulag fyrir Hlíðargötu 58 sem nær til grunnskólalóðar á Fáskrúðsfirði er fellt inn í nýtt deiliskipulag fyrir Hlíðargötu 58 og nágrenni. Með gildistöku þessa skipulags fellur úr gildi deiliskipulag Hlíðargötu 58 samþykkt 25.6.2001 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 19.07.2001.



Mynd 1-1. Hluti af staðfestu Aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027.

1.2. Málsmeðferð og kynning

Kynningarfundur var haldinn þann 19. mars í Skólamiðstöðinni Fáskrúðsfirði fyrir íbúa vegna frumathugunar, hættumats með og án varna, hönnun og umhverfismat fyrri varnarvirkja. Á þessum fundi voru almennar krapaflóðvarnir ræddar auk þess sem fram komu sjónarmið íbúa sem tekið var tillit til í frumathugun.

1.3. Staðhættir

Skipulagssvæðið er um 6,2 ha og liggur í 40 m-115 m hæð yfir sjávarmáli í hlíð ofan við grunnskóla og íbúðabyggðar við Skólabrekku. Halli hlíðarinnar er um 10 – 15° upp í 100 m y.s. Þar eykst hallinn lítilllega og er að meðaltali um 19° upp í um 500 m h.y.s.

Upp í um 113 m y.s. er lækjarfarvegur Nýjabæjarlækjar tiltölulega grunnur, 0,5 – 1,5 m og um 3ja m breiður. Ofan á klöppinni liggur grjót á dreif í farveginum. Í um 113 m y.s. er klettahaft og upp frá því að fossi í um 150 m y.s. breytist farvegurinn í allt að 30 m breitt og um 7 m djúpt gil. Gilið getur rúmað umtalsvert magn af snjó sem klettahaftið heldur aftur af. Ofan 215 m y.s. er gróðurþekja í sjálfum farveginum og minna um stórgrýti og ofan við 290 m y.s. verður farvegurinn ógreinilegri og stórgrýti ekki lengur sjáanlegt. Ofan við 390 m y.s. er komið upp í afliðandi, gróna skál. Þar eru engin merki um grjót. Gróðurfar svæðisins einkennist af lúpinubreiðum en þó má sjá lyngmóa inn á milli. Ofan og austan við grunnskólann er um 30 ára gamall skógræktarreitur, sem tilheyrir lóð grunnskólans. Þar er einna helst fura og lerki en einnig má finna víðitegundir, birki, loðvíði og greni. Hærri gróður er næst lækjarfarvegi. Töluverð nýgræðsla er á svæðinu ofan við sparkvöll sem gróðursett hefur verið af skógræktarfélaginu og nemendum grunnskólans.

1.4. Varnargarður og landmótun

Tillagan gerir ráð fyrir að reist verði grjótstífla í gilsmyggi annars vegar og leiðigarður með þvergildru/þvergarði neðan þess hins vegar. Í gilsmyggi, við klettahaft, verði um 6 m hár þvergarður úr stórgrýti. Garðurinn hleypir vatni greiðlega í gegn en heldur aftur af snjó. Þannig lækkar tíðni flóða sem fara af stað úr gili. Grjógarðurinn mun brjóta upp og dreifa úr stórum krapaflóðum með upptök ofan veið gilið sem lenda á honum. Neðan gils taki við um 200 m langur og 3 – 7 m hár leiðigarður sem beinir krapaflóði og vatni Nýjabæjarlækjar inn að 7,0 m hárrí, brattri þvergildru/þvergarði sem er um 100 m langur. Þvergarðurinn liggur í um 50 m hæð y.s. vestan lækjarins. Gert er ráð fyrir bogaformuðum þvergarði sem gerir það að verkum að hann fellur betur inn í hlíðina og það myndast aukið rými til krapasöfnunar

Nýr farvegur fyrir Nýjabæjarlæk verði myndaður vestan leiðigarðs sem síðan verður veitt um ræsi í gegnum þvergildruna og eftir nýjum farvegi niður í núverandi farveg Nýjabæjarlækjar. Lækjarfarvegurinn vestan við Skólabrekku verði opnaður niður að Hlíðargötu og farvegur færður inn fyrir lóðir við Skólabrekku. Farvegur verði hreinsaður og rofvarinn. Að auki verði land ofan við skóla mótað að læk sem rennur ofan við Grunnskóla og land ofan við íþróttavöll hækkað þ.a. ekki sé hætt á að vatn renni inn á skólalóð.

Með þeim aðgerðum sem deiliskipulagið felur í sér er ætlunin að verja um 12 hús innan þéttbýlisins. Eftir uppbyggingu varna standa engin hús innan hættusvæða B og C. Hættusvæði A er látið fylgja núverandi hættusvæði B til að minna á þá óvissu sem alltaf er til staðar við hönnun varnavirkja sem þessara. Staðaráhætta fólks eftir uppbyggingu varnargarða er því aldrei meiri en 1,0 af 10 0000 á ári á svæðinu..

1.5. Aðkoma

Aðkoma að svæðinu er um Hlíðarbrekku og síðan eftir núverandi línuvegi sem liggur upp hlíðina vestast á svæðinu. Gert er ráð fyrir aðkomu/þjónustuvegi frá núverandi línuvegi að þvergarði í um 56 m. h.y.s. og að grjótstíflu í um 110 m.y.s. Aðkoma á framkvæmdartíma er eftir þessum vegum/stígum. Nauðsynlegt er að hægt sé með góðu móti að koma gröfu inn á svæðið svo fjarlægja megi grjót sem lækurinn flytur með sér og sömuleiðis krapa eftir krapaflóð. Aðkomuvegur/þjónustuvegur að varnarmannvirkjum verður síðan hluti af útivistarstígum ofan byggðarinnar að framkvæmd lokinni.

1.6. Útivist

Leitast er við að skapa útivistarsvæði milli grunnskóla og varnargarðs ofan byggðarinnar með stígagerð og áningastöðum og skógrækt. Lögð er áhersla á að landið geti nýst nemendum grunnskólans og íbúum til útivistar. Þvergarðurinn myndar bakið að skólalóðinni. Séð frá byggðinni mun hann falla inn í landið og verða hluti af hlíðinni ofan Skólabrekku og Grunnskóla. Ofan Grunnskóla verði komið fyrir útsýnisstað/skólarjóðri sem nýta má við útikennslu auk þess sem gert er ráð fyrir stígtengingu að fyrirhugaðri götu Hlíðarbrekku vestan við skóla. Mögulegt er að koma fyrir upplýsingaskilti við megin stíg vestan við þvergarðsins.

Ekki skal gert ráð fyrir lýsingu á varnarvirkjum, vegslóðum eða göngustígum. Skilti skulu aðeins staðsett á áningarstaðnum og vestan varnargarðs Skilti skulu vera látlaus og skyggi ekki á útsýni.

1.7. Stígar

Aðalgöngustígur liggur endilangt eftir svæðinu í austur/vestur og tengist fyrirhuguðum útivistarstíg innan skógræktarsvæðisins ofan byggðarinnar á Fáskrúðsfirði og núverandi línuvegi sem liggur vestan við svæðið. Gert er ráð fyrir að stígurinn verði allt að 3,0 m breiður með góðu yfirborðsefni og nýtist jafnframt sem þjónustustígur. Akfær stígur liggur einnig frá núverandi línuvegi að nýrri stíflu í gilsmynni. Gert er ráð fyrir göngulóða frá „stíflustíg“ að leiðigarði og sem tengist síðan gönguleið sem liggur á toppnum á leiðigarðinum. Þessir stígar tengjast síðan núverandi línuvegi. Með þessum stígum myndast um 1200 m hringleið um svæðið frá Skólabrekku/ Grunnskólalóð sem nýtast mun almenningi til útivistar. Þessir stígar munu síðan tengjast framtíðar útivistastíg sem fyrirhugaður er innan skógræktarsvæðisins ofan byggðar. Gera þarf ráð fyrir brú yfir læk ofan Grunnskóla og Nýjabæjarlæk. Aðrir stígar eru 1,5 – 2,0 m á breidd.

Nýir stígar verða alls 830 m langir þar af aðalgöngustígur um 460 m og aðrir stígar 370 m.

1.8. Efnisnám

Fylling í leiðigarð og þvergilddru nemur um 7 000 m³ og skeringar út frá gördum um 6 000 m³. Um 2 000 m³ af lífrænu efni verða hreinsaðir undan garðstæði. Gert er ráð fyrir að allt skeringarefni nýtist í uppbyggingu garðanna. Grjót magn í rofvörn meðfram vatnsrás leiðigarðs (0,2 m < d < 0,5 m) og í farvegi Nýjabæjarlækjar við Skólabrekku nemur um 600 m³. Gert er ráð fyrir að efnið fái inn framkvæmdasvæðis og úr klapparskeringum.

Gert er ráð fyrir tæplega 100 m³ af klapparskeringum ofan við grjótstíflu. Gróft grjót í stífluna nemur um 600 m³ og björg í tágrjót og siturrana og -rás grjótstíflu um 300 m³. Að auki verða um 50 m³ af stórgrýti á landmótunarsvæði neðan við þvergilddru. Gert er ráð fyrir að nægt stórgrýti fái við losun í námu rétt utan bæjarmarka Fáskrúðsfjarðar.

1.9. Frágangur

Uppgræðsla á svæðinu öllu er um 2,5 ha lands þar af er leiðigarður og þvergarður um 0,8 ha að flatarmáli og um 1,0 ha svæði neðan varnargarðs. Efsti hluti jarðvegs á núverandi gróðursvæðum inniheldur lífræn efni því er mikilvægt að halda þessum jarðvegi til haga eins og hægt er og nýta við yfirborðsfrágang á svæðinu. Gera skal ráð fyrir því að yfirborðsefni af svæðinu verði geymt og nýtt síðan í



efsta lagið á varnargarðinum. Varast skal að blanda það öðrum jarðefnum eða fergja það á nokkurn hátt. Á öllu svæðinu skal gera ráð fyrir grassáningu og áburðargjöf. Þetta skal gera eins fljótt og hægt er að framkvæmdum loknum til að hindra jarðvegsrof og moldrok. Leggja skal áherslu á að flýta uppgræðslu innan grunnskólalóðar. Uppgræðsla að þessu tagi mun taka nokkur ár og því er mikilvægt að hefja framkvæmdir um leið og hægt er.

Minjavörður Austurlands annaðist skráningu á menningarminjum í landi Búðahrepps í tengslum við aðalskipulagsgerð fyrir Búðahrepps en fornleifakönnunin fór fram á vettvangi í október en úrvinnsla og skýrslugerð í nóvember 2001. Engar minjar eru innan deiliskipulagssvæðisins..

1.10. Vinnubúðir

Staðsetning vinnubúða verður utan við þess svæðis sem skipulagsbreytingin tekur til. Fylgja skal reglugerð um hávaða nr. 933/1999 og reglugerð um sprengingar nr. 684/1999. Á framkvæmdatímanum verður nokkur hávaði vegna vinnutækja og sprenginga, einkum á fyrri hluta hans. Vegna nálægðar við íbúðabyggingu skal leitast við að taka sérstakt tillit til íbúanna á framkvæmdatímanum.

1.11. Skilmálar fyrir Hlíðargötu 58

Innan lóðar Hlíðargötu 58 er starfræktur grunn-, leik- og tónlistarskóli sem og almenningsbókasafn undir sama þaki. Um er að ræða eldri skólabyggingu og viðbyggingu við hana sem reist var árið 2009. Um bygginguna gilda eftirfarandi skilmálar:

Aðkoma bíla að skólalóðinni er um Hlíðargötu. Einbreið þjónustugata, samhliða Hlíðargötu liggur sunnan við skólann og er keyrt eftir henni inn að afleggjaranum við heilsugæsluna þar sem aftur er beygt út á Hlíðargötu. Bílastæði eru á sitthvora hönd þjónustugötunnar.

Annars vegar bygging á tveimur á hæðum með risi. Hver hæð er 665 m² eða alls 1330 m² auk þakhæðar sem er 385 m². Viðbygging er á einni hæð og vænglaga reist norðan við núverandi skólabyggingu.

Heildarbyggingarmagn á lóð verði allt að 4350 m² og leyfilegt nýtingarhlutfall að hámarki 0,2.

2. Umhverfisskýrsla

Framkvæmdir við snjóflóðavarnir í þéttbýli falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og þess vegna fellur deiliskipulagstillagan undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

- Umhverfismatið er sett fram í venslatöflum í lok hvers kafla í umfjöllun um einstök skipulagssvæði.
- Mat á umhverfisáhrifum byggist á þremur meginþáttum, sem eru:
- Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- Greining sérfræðinga á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti innan áhrifasvæðisins.
- Umsagnir og athugasemdir lögboðinna umsagnaraðila, hagsmunaaðila og almennings.

Við mat á umhverfisáhrifum er unnið eftir lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Einnig er stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Við mat á vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti er stuðst við tiltekin viðmið, s.s. stefnumörkun stjórnvalda, alþjóðsamninga, lög og reglugerðir.

2.1. Þættir áætlunar sem valdið geta áhrifum

Ofanflóðavarnirnar, sem er megininntak deiliskipulagsins munu valda talsverðum umhverfisáhrifum. Helstu áhrif á framkvæmdatíma felast í breytingum á því landsvæði sem fer undir garðinn og hefur því áhrif á gróðurfar og dýralíf á svæðinu, á landslag og ásýnd og umferð vinnuvéla á framkvæmdatíma veldur hávaða, útblástursmengun, hættu á mengunarslysum og rykmengun.

2.2. Umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir verulegum áhrifum

Umhverfisáhrif, sem fyrirliggjandi áætlun um breytingar á aðalskipulagi er helst talin geta haft í för með sér, eru eftirtalin, og er fjallað nánar um hvern áhrifaþátt fyrir sig aftar í skýrslunni og eru áhrifin mismunandi eftir svæðum:

- Gróður og dýralíf
- Landslag og sjónræn áhrif
- Heilsa og öryggi
- Útivist

2.3. Skilgreining á vægi áhrifa

Við matið er notast við þá skilgreiningu á vægi áhrifa sem fram kemur í töflu hér að neðan.

Vægi áhrifa	Tákn	Skýring
Jákvæð	+	Jákvæð áhrif á umhverfispátt
Óveruleg	0	Óveruleg áhrif á umhverfispátt
Neikvæð	-	Neikvæð áhrif á umhverfispátt
Áhrif óljós	?	Óljós áhrif á umhverfispátt

Tafla 2-1. Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat deiliskipulagsins.

2.4. Valkostir

Umfjöllun um valkosti beinast að tveimur mismunandi leiðum. Annars vegar að byggja varnarvirki og hins vegar núllkostur sem er að hafast ekkert að.

2.5. Tengsl við aðrar áætlanir

Aðalskipulag Fjarðabyggðar var staðfest 24. ágúst 2009. Samkvæmt skipulaginu, er svæðið sem breytingin nær til skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota, svæði fyrir þjónustustofnarnir, um náttúrvá og ofanflóðavarnir og íbúðarsvæði. Breytingin mun ekki hafa áhrif á stærð eða afmarkanir þessara svæða.

Eftirfarandi eru skipulagsákvæði úr aðalskipulagi Fjarðabyggðar fyrir þau svæði sem deiliskipulagið nær yfir:

Kafli 9.5.8 um opin svæði til sérstakra nota

„Hlíðar ofan byggðar, lækjarfarvegir og gil, árbakki, fjara og strandsvæði. Á þessum svæðum er ekki gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum en þeim sem vænta má vegna almennrar útivistar, s.s. stígum, skiltum, áningarstöðum og bílastæðum fyrir göngu- og ferðafólk. Ennig er gert ráð fyrir varnavirkjum vegna ofanflóða sbr. kafla 9.5.14.“

Kafli 9.5.14 um undir náttúrvá – ofanflóðavarnir

„Ekki er talin hættu á snjóflóðum á Fáskrúðsfirði og hættu vegna aurskriða og grjóthruns talin óveruleg. Lítil krapaflóð eru möguleg úr lækjarfarvegum sem ganga í gegnum bæinn, en þar sem þessir farvegir eru víða illa afmarkaðir er talið óvíst að slík flóð haldi sig við farvegina. Auðveldara er að bregðast við ofanflóðahættu sem stafar af aur-, krapa- og vatnsflóðum en snjóflóðum, s.s. með dýpkun farvega og bættum frágangi ræsa og brúa. Áætlun um aðgerðir til að bregðast við ofanflóðahættu liggja ekki fyrir. Vinna þarf áætlun um aðgerðir vegna ofanflóðahættu. Þegar hún liggur fyrir þarf að endurskoða mörk hættusvæða.“

Kafli 9.5.1 um íbúðarsvæði svæði 12

„Íbúðarbyggð, öll byggðin frá heilsugæslustöð og grunnskóla að vestanverðu og að jaðri byggðar að austanverðu. Fastmótuð byggð, en svigrúm getur verið til þéttingar á stökum lóðum. Svæðið er skilgreint sem íbúðarsvæði með stökum lóðum fyrir þjónustustofnanir og verslun og þjónustu í Aðalskipulagi Búðahrepps 2002-2022. Svæði umhverfis farvegi Nýjabæjarlækjar og Merkjalækjar eru skilgreind sem hættusvæði A, B og C, sjá kafla 9.5.14. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar. Um hluta svæðisins gilda hverfisverndarákvæði, sjá svæði Hv2 í kafla 9.5.13. Sjá kafla 9.5.14 varðandi ákvæði vegna ofanflóðahættu.“

Kafli 9.5.2 um svæði fyrir þjónustustofnanir S1

„Heilsugæslustöð, hjúkrunarheimili, leikskóli, grunnskóli og bókasafn. Svæði umhverfis farveg Nýjabæjarlækjar eru skilgreind sem hættusvæði A, B og C, sjá kafla 9.5.14. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu svæðisins fyrir þjónustustofnanir. Sjá kafla 9.5.14 varðandi ákvæði vegna ofanflóðahættu.“

Á svæðinu er í gildi deiliskipulag sem nær yfir skólasvæðið. Um er að ræða deiliskipulag af Hlíðargötu 58, skólamiðstöð. Mun það deiliskipulag verða tekið inn í nýtt deiliskipulag ásamt þeim skilmálum sem þar eru. Þegar nýtt deiliskipulag tekur gildi verður deiliskipulag fyrir Hlíðargötu 58 fellt úr gildi.

2.6. Nálgun og aðferðir

Fjarðabyggð í samstarfi við Landmótun sf unnu að umhverfismati deiliskipulags flóðvarna á Fáskrúðsfirði. Vinna við umhverfismatið fólst í rýni sérfræðinga Landmótunar á þeim málsgögnum sem liggja fyrir varðandi frumathugunar fyrir varnargarðinn og fyrirspurnar um matskyldu framkvæmdarinnar, sbr. heimildaskrá. Beitt hefur verið venjubundnum aðferðum við umhverfismat áætlana, sjá nánar í 4. kafla hér að framan.

2.7. Umhverfismat

Umhverfis-þáttur	Vægi	Lýsing	Viðmið
Gróður og dýralíf	-/0	Varnarvirkin munu óhjákvæmlega raska gróðri og dýralífi sem fyrir er á framkvæmdasvæðinu. Mikilvægt er að vanda mjög til verka við frágang varnarvirkjanna. Taka þarf mið af aðliggjandi gróðurfari þannig að mannvirkjó falli sem best að landslaginu	<ul style="list-style-type: none"> Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir plöntur og um fugla og spendýr. Listi yfir friðlýstar plöntur 37 gr. laga um náttúruvernd Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í Íslensku samfélagi, áherslur 2010-2013, sjá kafla 12 um sjálfbæra gróðurnýtingu og endurheimt landgæða.
Landslag og sjónræn áhrif	-	Varnargarðurinn verður nálægt byggðinni og því talsvert sýnilegur. Varnarvirkin munu breyta ásýnd svæðisins og því er mjög mikilvægt að við hönnun varnarvirkjanna verði reynt að draga úr sýnileika þeirra með landmótun. Mikilvægt er að form varnarvirkja og yfirborð falli sem best að aðliggjandi landslagi.	<ul style="list-style-type: none"> Sérstaða/fágæti landslags út frá vísbendingum í 37. gr. laga um náttúruvernd. Verndargildi skv. náttúruinjaskrá. Megineinkenni landslags, s.s. ósnortið/náttúrulegt yfirbragð landslags, form, litauðgi, fjölbreytni og heildstæði landslags.
Heilsa og öryggi	+	Áhrifin eru jákvæð. Markmið deiliskipulagsins er að áhætta vegna ofanflóða verði ásættanleg, þ.e. í samræmi við reglugerð nr. 505/2000. Öryggi íbúa á svæðinu mun því aukast frá því sem er í dag.	<ul style="list-style-type: none"> 505/2000 Reglugerð um hættumat vegna ofanflóða. Velferð til framtíðar: stefnumörkun stjórnvalda til 2010-2013
Útivist	+	Áhrif á útivist jákvæð. Varnarvirkin munu breyta ásýnd svæðisins en hins vegar mun verða til nýtt útivistarsvæði.	<ul style="list-style-type: none"> Velferð til framtíðar: stefnumörkun stjórnvalda til 2010-2013

2.8. Mótvægisáðgerðir og vöktun

Lagt er til að fylgst verði með framvindu gróðurs meðan nýgróður er að festa rætur og svæðið að laga sig að grenndargróðri. Einnig verður fylgst með hvort hætta er á jarðvegsrofi á framkvæmdarsvæðinu. Skal sú vöktun fara fram af Náttúrustofu Austurlands í samráði við sveitarfélagið og Umhverfisstofnun..

3. Afgreiðsla eftir auglýsingu

Heimildarskrá

1. Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2007-2027.
2. Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.
3. Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.
4. Lög nr. 107/2001, Þjóðminjalög.
5. Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd.
6. Lög nr. 64/1994 um vernd friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum.
7. Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 1. Plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.
8. Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 2. Fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.
9. Náttúruverndarráð 1996. Náttúruminjaskrá 7. útgáfa. Náttúruverndarráð. Reykjavík.
10. Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.
11. Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.
12. Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.
13. Skipulagslög nr. 123/2010.
14. Skipulagsstofnun 2005. Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.
15. Skipulagsstofnun 2007. Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana.

